

Skátasamband Reykjavíkur  
Aðalfundur 28. mars 2019.  
Skátamiðstöðin Hraunbæ 123.

## FUNDARGERÐ.

Formaður SSR, Benedikt Þorgilsson setur fund kl. 19:30. Býður fundarmenn velkomna og stjórnar kjöri fundarstjóra og fundarritara.  
Gengið til dagskrár:

### A. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Dagmar Ýr Ólafsdóttir, Skjöldungum kjörinn fundarstjóri, Haukur Haraldsson, Landnemunum kjörinn fundarritari.

### B. Lögð fram skýrsla stjórnar.

Formaður SSR flytur skýrslu stjórnar. (Vísað til skýrslu sem var framlögð með fundarboði).

- Engar efnislegar umræður urðu um skýrsluna.

### C. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar og fjárhagsáætlun til eins árs.

C. 1. Baldur Árnason, gjaldkeri SSR les reikninga Skátasambandsins fyrir liðið starfsár. (Vísað til reikninga sem voru framlagðir með fundarboði).

Baldur veitir nánari útskýringar með uppsettum gröfum og svarar minniháttar fyrirspurnum úr sal.

C. 2. Baldur gerir grein fyrir fjárhagsáætlun næsta árs. (Vísað til áætlunar sem var framlögð með fundarboði). BÁ gerir grein fyrir megináherslum stjórnarinnar í þremur liðum: 1) Aukið fjármagn til skátafélaganna vegna starfs þeirra. 2) Stórátak í viðhaldi skátaheimila. 3) Sérstakur starfsmaður áfram ráðinn til styrktar skátastarfi í félögunum.

#### Umræður:

Pröstur Ríkharðsson, Árbúum spyr um mat og tímasetningar aðgerða í viðhaldi skátaheimila.

BÁ: Frekara mat í vinnslu; röð framkvæmda fari eftir mikilvægi og forgangsnauðsyn.

Arnlaugur Guðmundsson, Landnemunum gerir athugasemd við framkvæmd aðalfundarsamþykktar 2018 um framkvæmdir á Hafravatnslóð.

BÁ/BP: Frekari framkvæmdir þóttu ekki fýsilegar þá vegna óvissu um framhald leigusamnings lóðar. Fram kom jafnframt í máli þeirra, að til betri vegar horfi nú, því framundan væri endurnýjun leigusamnings til 25 ára.

Egill Einarsson Ægisbúum gerir fyrirspurn vegna hækkunar á starfsstyrk til félaganna. BÁ svarar/útskýrir.

Magnús Jónsson, Landnemun bendir á mikilvægi aðalfundasamþykktu, en aðalfundur hvers félags sé æðsta vald í málefnum þess og hlíta beri samþykktum hans.

Arnlaugur Guðmundsson lýsir yfir ánægju með hækkun á starfsstyrk til skátafélaganna.

#### **D. Lagabreytingar kynntar. Umræður.**

Pórhallur Helgason kynnir fyrir hönd Laganefndar fram komnar tillögur til breytinga á lögum SSR.

Laganefnd SSR leggur sjálf fram þessar lagabreytingartillögur en aðrar breytingartillögur bárust ekki til nefndarinnar:

- a) Breyting á gr. 1.4.: Annarsvegur er varðar fastaráð og nefndir og lýtur að brottfalli Úlfjótsvatnsráðs úr lögum SSR vegna sölu á eignarhlut SSR á rekstri og fasteignum að ÚV og hinsvegur er varðar að leggja niður Laganefnd úr starfi SSR.
- b) Breyting á gr. 2.6. Greinin lýtur að dagskrá aðalfundar um kjör í Úlfjótsvatnsráð, sömuleiðis vegna sölu á eignarhlut í ÚV.

(Vísað er nánar til tillagnanna sem voru framlagðar með fundarboði).

Nokkrar umræður urðu um tilveru og mikilvægi laganefndar í starfi SSR. Arnlaugur Guðmundsson lagði fram breytingartillögu við gr. 1.4. er laut að því að fella ekki niður starf Laganefndar.

#### **E. Afgreiðsla skýrslu stjórnar, reikninga og fjárhagsáætlunar og tillagna til lagabreytinga.**

Skýrsla stjórnar var afgreidd með lófataki.

Reikningar stjórnar samþykktir samhljóða.

Fjárhagsáætlun SSR var samþykkt samhljóða.

Breytingartillaga Arnlaugs við breytingartill. Laganefndar um gr. 1.4. var felld með 10 atkvæðum gegn 11.

Breytingartillaga Laganefndar (óbreytt) við gr. 1.4. var samþykkt með 19 atkv. gegn 2

Breytingartillaga Laganefndar við gr. 2.6. var samþykkt samhljóða.

- Kaffihlé gert á fundinum. –

## **F. Kosningar:**

Í stjórn voru kjörin til tveggja ára:

Formaður SSR – Benedikt Þorgilsson, Garðbúum

Gjaldkeri – Baldur Árnason, Segli

Meðstjórnandi – Sigurbjörg Sæmundsdóttir, Landnemunum

Meðstjórnandi – Eðvald Einar Stefánsson, Segli

## **G. Kosning tveggja skoðunarmanna.**

Kjörið til eins árs:

Hanna Guðmundsdóttir, Árbúum

Skattur og bókhald.

## **H. Kosning í laganefnd.**

Kjörin voru:

Þórhallur Sigurjónsson, Segli (formaður)

Ylfa Garpsdóttir, Segli

Sigurjón Einarsson, Segli

(Ath.s.: skv. gildandi lögum bar fundinum að kjósa í nefndina, þrátt fyrir samþykkt fundarins á lögum um niðurfellingu á starfi hennar).

## **I. Kosning í uppstillingarnefnd:**

Kjörnir til eins árs:

Haukur Haraldsson, Landnemunum (formaður)

Daði Björnsson, Árbúum

Þórhallur Helgason, Segli

## **J. Kosning í minjanefnd:**

Kjörin til eins árs:

Sigrún Sigurgestsdóttir, Landnemunum.

## **K. Kosning í Úlfljótsvatnsráð:**

Kjörinn til eins árs: Þróstur Ríkharðsson, Árbúum.

(Ath.s.: skv. gildandi lögum bar fundinum að kjósa í nefndina, þrátt fyrir samþykkt fundarins á lögum um niðurfellingu á starfi hennar).

## **L. Kosning í Hafravatnsráð:**

Kjörinn til tveggja ára:

Guðmundur Þór Pétursson, Skjöldungum.

Kjörin til eins árs:

Ása Jóhannsdóttir, Árbúum

## M. Önnur mál.

1. Formaður SSR, Benedikt Þorgilsson kveður sér hljóðs. Hann ræðir starf Skátasambandsins og kynnir stefnuskjalið FRAMTÍÐARSÝN TIL 2024. Þar er farið yfir a) Hlutverk SSR, b) Kjarnastarfsemi og c) Framtíðasýn. BP fór yfir áherslur í starfi, skiptingu borgarinnar m.t.t. skátastarfsins og skátafélaganna. Skjalið verður kynnt í maí n.k. og verkefni valin og forgangsraðað. Komi síðan til framkvæmda að hausti 2019. Reykjavík.

2. Guðmundur Jónsson, Garðbúum spyr um starfssvæðaskiptingu í 101 Reykjavík.

3. Ragna Rögnvaldsdóttir telur vera „dauða polla“ í ýmsum svæðum sem þyrfti að vinna með. Gerir jafnframt athugasemd við að vera kölluð „fullorðinn sjálfboðaliði“ þegar hún stendur í þeirri meiningu að hún sé einfaldlega „skáti.“ Fyrri hugtakið sé ekki viðeigandi og beinlínis særandi.

4. Ágúst Ingi Grétarsson, Árbúum. Spyr um þrýsting frá Reykjavíkurborg um að koma á skátastarfi í hverfum. Formaður SSR svarar því til að slíkt sé einfaldlega kveðið á um í samstarfssamningi SSR og borgarinnar, að skátastarf sé aðgengilegt í öllum hverfum borgarinnar.

5. Afhending heiðursmerkja SSR: Eftirtaldir hljóta heiðursmerki SSR fyrir vel unnin störf: Silfur: Sigríður Hálfðánardóttir Árbúum og Sif Pétursdóttir Skjöldungum. Brons: Jóhanna Guðmundsdóttir Hamri, Helga Rós Einarsdóttir Ægisbúum og Helga Þórey Júlíusdóttir Skjöldungum.

6. Arnlaugur Guðmundsson gerir athugasemd er varðar samþykkt frá aðalfundi SSR 2018. Arnlaugi hafði verið falið að ljúka fundargerð þess fundar er í ljós kom vafaatriði um túlkun á atkvæðagreiðslu lagabreytingartillögu um að stjórn SSR skuli skipa „endurskoðanda“ eða „skoðunarmann“ fyrir reikninga skátafélaga, sbr. gr. 3.1.D.

Þórhallur Helgason leggur til að aðalfundur 2019 úrskurði með atkvæðagreiðslu um hvort gengið skuli til kosninga nú þegar um túlkun á greininni. – Var sú málsmeðferð samþykkt.

Var því gengið til kosninga um málið. – Niðurstaða: Aðalfundur 2019 staðfestir með 20 atkvæðum gegn 1, sem rétta túlkun að gr. 3.1.D. í lögum SSR, skuli hljóða svo: „Stjórn SSR skal skipa annan skoðunarmann félagsins“.

7. Jón Andri Helgason, verkefnisstjóri SSR kynnir Afmælimót þess sem verður haldið 4. – 7. júlí n.k.

Fleira ekki tekið fyrir. Form. slítur aðalfundi með Bræðralagssöngnum.

Haukur Haraldsson, fundarritari.  
Dagmar Ýr Ólafsdóttir, fundarstjóri.

Fundinn sátu:

Benedikt Þorgilsson, stjórn  
Brynja Guðjónsdóttir, stórn  
Baldur Árnason, stjórn  
Sif Pétursdóttir, stjórn  
Auður Gylfadóttir, stjórn  
Kolbrún Ósk Pétursdóttir, Garðbúar  
Helgi Jónsson, Garðbúar  
Aron Gauti Sigurðar, Skjöldungar  
Daði Auðunsson, Skjöldungar  
Helga Þ. Júlíusdóttir, Skjöldungar  
Eyja Eydal, Ægisbúar  
Helga Rós Einarsdóttir, Ægisbúar  
Egill Erlingsson, Ægisbúar  
Christa Hörpudóttir, Hafarnir  
Jens Kjartansson, Hafarnir  
Sigrún Ósk Arnardóttir, Hafarnir  
Hanna S. Helgadóttir, Hafarnir  
Davíð Snorrason, Segull  
Pórhallur Helgason, Segull  
Líf, Þráinsdóttir, Segull  
Magnús Björnsson, Segull  
Ágúst Ingi, Kristjánsson Segull  
Inga Auðbjörg Straumland, Segull  
Sigurgeir B. Þórisson, Landnemar  
Ragna Rögnvaldsdóttir, Landnemar  
Magnús Jónsson, Landnemar  
Arnlaugur Guðmundsson, Landnemar  
Jóhanna Guðmundsdóttir, Hamar  
Pröstur Ríkarðsson, Árbúar  
Sigríður Hálfðá, Árbúar  
Kjartan B. Ágústsson, Árbúar  
Jón Andri Helgason, SSR  
Dagmar Ólafsdóttir, Skjöldungum  
Haukur Haraldsson, Landnemum  
Guðmundur Jónsson, Fræðasetur skáta

Öll skátafélögin átta í Reykjavík áttu fulltrúa á fundinum.

Gild atkvæði voru 21 talsins. - // HH.